

# Leikskólinn Sólvellir

## Deildarnámskrá 2024-2025

### Útfærsla námssviða

### Ugludeild

<b>Leikskólinn Sólvellir Grundarfirði - útfærsla námssviða</b>	<b>2</b>
<b>Grunnþættir og námssvið leikskóla</b>	<b>2</b>
<b>Læsi og samskipti</b>	<b>3</b>
Læsi og samskipti á Ugludeild	3
<b>Sjálfbærni og vísindi</b>	<b>4</b>
Sjálfbærni og vísindi á Ugludeild	4
<b>Heilbrigði og vellíðan</b>	<b>6</b>
Heilbrigði og vellíðan á Ugludeild	6
<b>Sköpun og menning</b>	<b>8</b>
Sköpun og menning á Ugludeild	8

## Leikskólinn Sólvellir Grundarfirði - útfærsla námssviða

[Aðalnámskrá leikskóla](#), [lög um leikskóla](#), [Menntastefna Íslands](#) og [Menntastefna Grundarfjarðarbæjar 2023-2028](#) eru rammi um skólastarfið og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Þessi námskrá er hluti af skólanámskrá leikskólans, er útfærsla skólans á námssviðunum og sýnir hvernig skólinn leggur fram helstu leiðir, markmið og mat í starfi sínu. Námskráin er leiðarvísir fyrir allar deildir sem útfæra skólastarfið hverju sinni eftir samsetningu nemenda- og starfsmannahóps.

### Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla eru að:

- fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- veita skipulega málörvun og stuðla að góðri færni í íslensku,
- hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

### Grunnþættir og námssvið leikskóla

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla sem gefin var út í maí 2011, er yfirlýst menntastefna byggð á eftirfarandi **grunnþáttum**:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Heilbrigði og velferð
- Sköpun

Grunnþættirnir eru sameiginleg leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun í leikskólum og eiga að fléttast inn í allt leikskólastarfið. Í almennum hluta **skólanámskrár Sólvalla** (sem má lesa hér) er gerð ítarleg grein fyrir útfærslu skólans á **grunnþáttum menntunar** en námssvið leikskóla eru grundvölluð af grunnþáttunum. Hér að neðan er gerð grein fyrir markmiðum, leiðum og mati leikskólastarfsins með áherslu á námssviðin

**Námssvið** leikskólans samkvæmt Aðalnámskrá leikskólans frá maí 2011 eru eftirfarandi:

- Læsi og samskipti
- Heilbrigði og vellíðan
- Sjálfbærni og vísindi
- Sköpun og menning

Námssvið leikskólans eiga að vera samþætt og samofin öllu starfi leikskóla og taka mið af sex grunnþáttum menntunar. Þau byggjast á skapandi og gagnrýninni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskólum.

## Læsi og samskipti

Með læsi er átt við hæfni til að takast á við lífið sjálft. Ef vel á að vera má segja að leikskólanámið sé í raun eitt samfellt lífsleikninám. Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Með því tjá þeir hugsanir sínar, tilfinningar, skoðanir og fyrirætlanir. Í frumbersku og á leikskólaaldri er lagður grundvöllur að málþroska barna. Mikilvægt er að orð og gerðir tengist þannig að hverskonar tjáning og orðaforði eigi sér stoð í veruleika barna. Tungumál er ekki innantóm orð, heldur verður það að tengjast gerðum/vinnu eins mikið og hægt er. Þess vegna er hverskonar starf og athafnasemi inni sem úti ómissandi.

### Læsi og samskipti á Ugludeild

Í leikskólanum ber að skapa aðstæður svo börn fái ríkuleg tækifæri til að:

- eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum,
- endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi,
- tjá sig með fjölbreyttum hætti og ólíkum efnivið,
- kynnast tungumálinu og möguleikum þess,
- njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri,
- þróa læsi í víðum skilningi,
- öðlast skilning á að ritað mál og tákn hafi merkingu,
- deila skoðunum sínum og hugmyndum,
- nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar,
- velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða.

<b>Þroska- þættir</b>	Málþroski, vitsmunapróska, félagsþroski, fagurþroski, líkams- og hreyfiþroski.
<b>Hæfni- þættir</b>	Hæfni til að vinna með tungumál. Góður orðaforði og málskilningur. Leikni og lipurð með texta og tungumál.
<b>Markmið</b>	Að börnin auki orðaforða sinn og leiki sér með tungumálið. Heyri fjölbreytt og vandað mál. Tjái sig við aðra og taki þátt í samræðum. Eigi virk jákvæð samskipti við börn og fullorðna. Kynnist bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum. Læri texta og taki þátt í söng. Fái tækifæri til að greina á milli leiks og alvöru.
<b>Leiðir</b>	
<b>Leikur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Aðgangur að bókum og texta er aðgengilegur börnum.</li> <li>• Stafrófið og ýmis form hanga á veggjum.</li> <li>• Orð eru sett á athafnir og hugtök æfð í leiknum.</li> <li>• Stuðlað er að jákvæðum samskiptum við önnur börn og fullorðna.</li> </ul>
<b>Líkamleg umhirða</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Starfsmenn tala við börnin við bleijuskipti og aðra líkamlega umhirðu.</li> <li>• Setja orð á líkamshlutana og allar athafnir, tala sig í gegnum verkin.</li> </ul>

<b>Útivera vettvangsferðir</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Orð eru sett á athafnir.</li> <li>• Rætt er um veðrið, klæðnað og ýmis hugtök tengd umhverfinu.</li> <li>• Byggt er á jákvæðum samskiptum og samvinnu í fataklefa.</li> <li>• Börnin eru hvött til að klæða sig sjálf í útifötin en allir sem þurfa fá aðstoð.</li> <li>• Börnunum er kennt að ganga frá og fara vel með eigur sínar og annarra.</li> </ul>
<b>Samverustundir - hópastarf</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Börnin vinna saman að verkefnum sem hvetja til samskipta.</li> <li>• Þau hlusta á sögur, rím, þulur og syngja með eftir getu.</li> <li>• Sögur eru sagðar í samverustundum og unnið er t.d. með brúður og bangsa.</li> <li>• Unnið er með hlustun og börnin fara eftir munnlegum fyrirmælum.</li> <li>• Efniviður er varðar læsi er sýnilegur og aðgengilegur börnunum.</li> <li>• Lubbi finnur málbein</li> <li>• Tákn með tali (TMT)</li> </ul>
<b>Matartími</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Í matartíma gefst tími til samræðna um matinn og almenn viðfangsefni.</li> <li>• Orð eru sett á athafnir.</li> <li>• Umræða um umgengni og tiltekt eftir matartíma. Börnin gera eins og þau geta þegar gengið er frá og fá aðstoð eftir þörfum. Eins og að ganga frá glasinu sínu og disknum sínum.</li> </ul>
<b>Svefn/hvöld</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Börnin hlusta á rólega tónlist, leikrit eða sögur.</li> </ul>
<b>Mat</b>	<p><a href="#">Sjá skólanámskrá bls. 16-18 hér á þessum tengli.</a></p> <p>Ferilmöppur</p> <p>Skráningar</p> <p>TRAS</p> <p>EFI-2</p>

## Sjálfbærni og vísindi

Kynni barna af náttúrunni eru þýðingarmikil fyrir þroska þeirra. Mikilvægt er að börn upplifi náttúruna af eigin raun og læri að njóta hennar. Sjálfbærni menntun felst í því að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur lærir um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart hnattrænum áhrifum og jafnræði allra jarðarbúa; náttúru og umhverfi; lýðræði, mannréttindum og réttlæti; jafnrétti og fjölmenningu; velferð og heilbrigði; og efnahagsþróun og framtíðarsýn. Í sjálfbærni menntun felst einnig að börn og ungmenni takist í námi sínu á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni.

### Sjálfbærni og vísindi á Ugludeild

Í leikskóla á að skapa aðstæður svo að börn fái tækifæri til að vinna með og velta vöngum yfir (Aðalnámskrá leikskóla, 2011):

- umgengni og virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi,

<ul style="list-style-type: none"> <li>• hvernig vistspor þeirra og nærsamfélagsleg geta stuðlað að sjálfbærri þróun,</li> <li>• hringrásum og fyrirbærum í náttúrunni,</li> <li>• nýtingu náttúrunnar,</li> <li>• upplýsingamiðlun, framsetningu og gildi upplýsinga,</li> <li>• stærðfræðilegum viðfangsefnum, s.s. tölum, táknum og mynstrum,</li> <li>• lífverum í umhverfinu og lífsháttum þeirra,</li> <li>• eðli ýmissa krafta og birtingamyndum þeirra í umhverfinu,</li> <li>• eiginleikum ýmissa efna og hluta,</li> <li>• rými, fjarlægðum og áttum</li> </ul>	
<b>Proskapættir</b>	Vitsmunaproski, hreyfiproski og fagurproski.
<b>Hæfnipættir</b>	Hæfni til að greina og meta það sem náttúran hefur upp á að bjóða. Næmni fyrir umhverfinu, jurtum, dýrum, fjöllum o.fl. Hæfni til rökhugsunar, leikni með tölur og magn.
<b>Markmið</b>	Að börnin kynnist fjölbreytni náttúrunnar og njóti útiveru. Þau kynnist lífríki í nánasta umhverfi og tengi það árstíðunum. Börnin læri að umgangast náttúruna og umhverfi sitt að virðingu. Þau upplifi sjálfbærni sem hluta af skólastarfinu. Börnin kynnist mismunandi eiginleikum efna og hluta. Þau læri að nota ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir.
<b>Leiðir</b>	
<b>Leikur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Börnin vinna með náttúrulegan og endurvinnanlegan efnivið t.d. skeljar, tappar, könglar.</li> <li>• Unnið er með talningu, flokkun og greiningu forma.</li> <li>• Form eru sýnileg í umhverfinu og kubbar eru hluti af leikefninu.</li> </ul>
<b>Líkamleg umhirða</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Börnin þvo sér eftir getu eftir útiveru og fyrir og eftir máltíðir, fá aðstoð eftir getu.</li> <li>• Fingur og tær taldar eða annað í umhverfinu sem börnin veita eftirtekt.</li> </ul>
<b>Útivera/ vettvangsferðir</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Útivera og vettvangsferðir í öllum árstíðum og nota mismunandi veður til gönguferða.</li> <li>• Farnar eru í vettvangsferðir í nærumhverfinu.</li> <li>• Börnin fara daglega í útiveru í flestum veðrum.</li> <li>• Athygli er vakin á umhverfinu og að virkja börnin til að snerta, sjá, lykta og hlusta á fyrirbæri sem þau mæta og upplifa í vettvangsferðum.</li> <li>• Skoðað og rætt um plöntur, skordýr, villt dýr og húsdýr.</li> <li>• Útisvæði leikskólans nýtt til náms, t.d. Skoðaður skógur, mold og ormar.</li> <li>• Vakinn er athygli á formum og fjölda í umhverfinu.</li> <li>• Börnunum kennt að tína rusl og flokka.</li> <li>• Efniviðar aflað í vettvangsferðum sem er svo nýttur í t.d. myndsköpun.</li> <li>• Þar sem sveitarfélagið er aðili að EarthCheck verkefni sveitarfélaganna á Snæfellsnesi er sorp flokkað í jarðgerð, plast, pappír og járn og almennt sorp.</li> </ul>

<b>Samverustundir hópastarf</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Börnin vinna með fjölbreyttan, náttúrulegan efnivið, tól og tæki.</li> <li>• Farið er í þrautaleiki þar sem reynir á samvinnu og rökhugsun. Skoða bækur sem fjalla um dýr, veðurfar og gróður.</li> <li>• Syngja með börnunum ýmis lög um dýr, plöntur og náttúruna.</li> <li>• Rifja upp og ræða við þau um það sem gert var og hvað þau upplifðu í vettvangsferðunum (þannig þróast skilningur).</li> </ul>
<b>Matartími</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Rætt er um hvaðan maturinn kemur og hvað hann gerir fyrir okkur.</li> <li>• Börnin fá að borða utandyra þegar tækifæri gefst til.</li> <li>• Það er saman eitt barn – eitt glas og þar fram eftir götunum.</li> </ul>
<b>Svefn/hvöld</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Börnin hlusta á umhverfishljóð, náttúruhljóð eða rólega tónlist.</li> </ul>
<b>Mat</b>	<p><a href="#">Sjá skólanámskrá bls. 16-18 hér á þessum tengli.</a></p> <p>Markvissar samræður við börnin, einslega og/eða í hóp.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Ljósmyndaskráningar. Fylgjast með hvernig börnin upplifa náttúruna.</li> <li>• Ýmis hjálpargögn útbúin vegna mats, s.s. veðurkerfi, flokkunarkerfi og fleira.</li> <li>• Kennarar halda skráningar um það.</li> </ul>

## Heilbrigði og vellíðan

Heilbrigði og vellíðan er flókið samspil milli einstaklings og umhverfis og byggir í senn á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Daglegt nám í leikskólanum er samþætt nám þar sem barnið lærir allan tímann við mismunandi aðstæður. Stór hluti félagsmótunar hjá börnum fer fram í skólum. Umönnun og daglegar venjur eru stór hluti af leikskólastarfinu. Umönnun og umhyggja er fólgin í því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust. Efling sjálfmyndar og ræktun góðra samskipta við aðra fellur undir félagsmótun. Í skólum gefst tækifæri til að efla líkamlegt hreysti nemenda, það er meðal annars gert með því að móta með þeim jákvætt viðhorf til útiveru og hreyfingar, heilnæmra lífshátta og hollrar næringar. Með almennri menntun getum við dregið úr aðstöðumun barna og leitast við að tryggja öllum tækifæri til þroska og góðrar heilsu.

### Heilbrigði og vellíðan á Ugluldeild

Í leikskóla ber að stuðla að heilbrigði og vellíðan barna með því að leggja áherslu á (Aðalnámskrá leikskóla, 2011):

- umhyggju
- holla næringu
- fjölbreytta hreyfingu og útivist
- slökun og hvíld
- jákvæð samskipti

<ul style="list-style-type: none"> <li>• félagsleg tengsl</li> <li>• tilfinningalegt jafnvægi</li> </ul>	
<b>Þroskapættir</b>	Líkams- og hreyfibroski, vitsmunabroski og félagsþroski.
<b>Hæfnipættir</b>	Hæfni til að vinna með líkamann og hugann. Hreyfigeta og færni til líkamstjáningar og íþróttaiðkunar.
<b>Markmið</b>	Að börnin eigi kost á alhliða hreyfingu sem fullnægir hreyfiþörf, eflir hreyfigetu og samhæfingu hreyfinga. Þau reyni á sig og slaki á. Þau þrói með sér jákvæða líkamsvitund. Börnin verði sem mest sjálfbjarga við athafnir daglegs lífs. Þau tengi heilbrigða lífnaðarhætti við holla fæðu og nægan svefn.
<b>Leiðir</b>	
<b>Leikur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Áhersla á að börnin upplifi öryggi í leikskólanum og líði vel.</li> <li>• Þau hafa aðgang að krefjandi hreyfisvæðum úti og inni.</li> <li>• Farið er í leiki bæði frjálsta og skipulagða þar sem reynir á líkamann og samskipti.</li> <li>• Hreyfistundir eru vikulega í samkomuhúsinu.</li> </ul>
<b>Líkamleg umhirða</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Börnin fá ráðrúm til sjálfshjálpar, t.d. að klæða sig sjálf og þvo sér.</li> </ul>
<b>Útivera/vettvangsferðir</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Börnin fá tækifæri til að spreyta sig í sjálfshjálpar fyrir og eftir útivist.</li> <li>• Þau hafa tækifæri til að hreyfa sig í mismunandi landslagi og aðgengi að leikfni á útisvæði er fjölbreytt.</li> </ul>
<b>Samverustundir hópastarf</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Börnin taka þátt í hreyfileikjum, dansi og hringleikjum þar sem reynir á líkamann.</li> <li>• Börnin koma sér fyrir í þægilegri stellingu og slaka á í upphafi samverustunda.</li> <li>• Unnið er með hópverkefni þar sem reynir á fínhreyfingar.</li> </ul>
<b>Matartími</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Börnin nota hnífapör og hvatt er til sjálfshjálpar eins og þroski og geta gefa tækifæri til.</li> <li>• Börnin fá góðan tíma til að matast í rólegu umhverfi.</li> <li>• Þau aðstoða við að leggja á borð og ganga frá.</li> <li>• Áhersla er á góða borðsiði.</li> </ul>
<b>Svefn/hvöld</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hvíldartíminn er róleg og notaleg stund þar sem börnin ná að hvílast og finna að þau eru örugg.</li> <li>• Einu sinni í viku er tekið utan af dýnum og þvegið. Sængur og koddar barna eru send heim einu sinni í mánuði fyrir þríf.</li> </ul>
<b>Mat</b>	<p><a href="#">Sjá skólanámskrá bls. 16-18 hér á þessum tengli.</a></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Skráningar ljósmyndir námssöguskráningar,</li> </ul>



	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Samtöl/samræður meðal barnanna. Fá þau til segja frá upplifun sinni á því sem fram fer í skólanum og/eða hvað þau vilji læra í skólanum.</li> <li>• Börnin meta líðan sína í ýmsum þáttum starfsins einu sinni á önn, um áramót og að vori. Má nota myndir af svæðum og andlit sem sýna mismunandi líðan</li> <li>• Kennarar fá börn til að fara með sér í skoðunarferðir um skólann og segja frá hvað þeim finnst markvert, á þann hátt skyggnumst við inn í þeirra hugarheim .Nota matsblöð og mismunandi svipbrigði og andlit</li> </ul>
--	--

## Sköpun og menning

Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Í leikskóla eiga börnin að fá rými til að nýta sköpun og tjáningu þeirra þar sem að þau fá að njóta sín og taka þátt í skapandi verkefnum. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Gagnrýnin hugsun er lykilþáttur í læsi og sköpun og fléttast saman við hlutverk gagnrýnnar hugsunar í lýðræði. Í sköpuninni felst hagnýting hugmynda og mótun viðhorfa, gildismats og hæfni. Í gegnum leik opnast víddir þar sem sköpunargleði barna fær notið sín. Sköpun er mikilvægur grunnur að því að horfa til framtíðar og móta sér framtíðarsýn og taka þátt í lýðræðislegu samfélagi og skapa sér hlutverk innan þess.

### Sköpun og menning á Ugludeild

Í leikskóla eiga börnin að fá rými til að nýta sköpun og tjáningu þeirra þar sem að þau fá að njóta sín og taka þátt í skapandi verkefnum.

- Börnin eiga að finna fyrir ánægju og gleði þegar sköpunarkraftar þeirra eru nýttir.
- Þau eiga að fá að vinna með og kanna allskonar efnisvið og nýta fjölbreytta tækni.
- Ásamt því fá þau að kynnast bókmenntum, sögum og ævintýrum, þau læra texta og taka þátt í söng þar sem að sköpun og tjáning ýtir undir upplifun þeirra.
- Markmiðið er að börnin fái að taka virkan þátt í menningu, hátíðum og viðburðum sem tengjast barnamenningu.

<b>Proskapættir</b>	Fagurproski, hreyfiþroski, tilfinningaþroski, líkams- og hreyfiþroski.
<b>Hæfnipættir</b>	Hæfni til sjón-, heyrnar- og rúmskynjunar. Næmni fyrir litum, lögun og formum. Hæfni til að vinna með, meta og skapa tónlist.

<b>Markmið</b>	Að börnin fái virkjað sköpunarkraft sinn og fái tækifæri til að vinna með og kynnast fjölbreyttum efniviði og áhöldum til tjáningar. Þau upplifi að borin er virðing fyrir verkum þeirra og þau beri virðingu fyrir verkum annarra. Börnin fái tækifæri til að tjá sig um verk sín. Proski með sér frumkvæði, frjálsa, skapandi tjáningu og túlkun á tónlist myndlist og öðru skapandi starfi.
<b>Leiðir</b>	
<b>Leikur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Börnin hafa aðgang að fjölbreyttu leikefni til sköpunar.</li> <li>• Gott rými er í dagskipulagi fyrir frjálstan leik.</li> <li>• Fjölbreytt tónlist er spiluð á deildinni og börnin hafa aðgang að hljóðgjöfum.</li> <li>• Skapandi umhverfi er úti sem inni.</li> <li>• Lagt er upp úr jákvæðu hugarfari og gleði í leiknum.</li> </ul>
<b>Líkamleg umhirða</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Börnin nota hlífðarföt við myndsköpun.</li> <li>• Þau ganga frá og þvo sér að lokinni myndsköpun.</li> <li>• Þau fá aðstoð eftir þörfum við frágang að lokinni sköpun.</li> </ul>
<b>Útivera/vettvangsferðir</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Börnin hafa aðgang að náttúrulegum og skapandi efniviði í útvist.</li> <li>• Þau fara í vettvangsferðir sem bjóða upp í fjölbreytta upplifun í umhverfinu.</li> </ul>
<b>Samverustundir hópastarf</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skapandi og fjölbreyttur efniviður er aðgengilegur í hópastarfi.</li> <li>• Börnin hlusta á fjölbreytta tónlist og læra mismunandi lög, leikrit, sögur og texta.</li> <li>• Þau skoða myndskreytingar í bókum.</li> <li>• Þau fá tækifæri til að leika frjálst, skapa og tjá upplifun sína í gegnum myndlist, tónlist, dans eða á annan hátt.</li> <li>• Verk barnanna eru sýnileg á deildinni og þau fá tækifæri til að sýna og segja foreldrum sínum frá því sem þau hafa gert.</li> </ul>
<b>Matartími</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Matur er fallega fram borinn.</li> <li>• Kynntar eru gamlar og nýjar matarhefðir.</li> </ul>
<b>Svefn/hvild</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Mismunandi hlustun er í boði; róleg tónlist, umhverfishljóð og náttúruhljóð.</li> </ul>
<b>Mat</b>	<p><a href="#">Sjá skólanámskrá bls. 16-18 hér á þessum tengli.</a></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Börnin meta líðan sína í ýmsum þáttum starfsins einu sinni á önn, um áramót og að vori. Má nota myndir af svæðum og andlit sem sýna mismunandi líðan</li> <li>• Ferilmappa sem endurspeglar námsferil barnanna.</li> <li>• Mat á kennsluáætlun út frá námskránni og leiðum eftir hverja önn. Hver umsjónarkennari skráir</li> <li>• Lagt mat á teikniþroska barnanna með mánaðarlegum sjálfsmyndum</li> </ul>

